

unar á upphæð þeirri, er stefnendur eiga að fá endurgreidda, þykir ekki unnt að hafa annað til hliðsjónar en það, hversu svipuð verk og stefnendur inntu af höndum frá 15. sept. 1939 til 1. júní 1940 voru metin til peninga árin áður, þ. e. með kr. 2808.00, þó þannig, að rétt þykir að bæta við upphæðina sem svarar hækkun á verðlagsvisitölu á umræddu tímabili, en það eru 24%. Ber stefndu því af þessum sökum að endurgreiða stefnendum kr. 2808.00 + kr. 673.92, eða kr. 3481.92. Eftir þeim gögnum, er fyrir liggja, verður hins vegar ekki séð, að stefnendur eigi kröfu til fjárhæðar úr hendi stefndu vegna fæðissölnunnar til stúdenta, þegar tekið er tillit til þess, að því er ómótmælt, að greiðsla fyrir fæði hvers manns hafi hækkað úr 65 kr. í 85 kr. á mánuði, er verðlag hækkaði, svo og þess, að stefnendur höfðu á þessum tíma ókeypis íbúð, ljós og hita handa sjálfum sér og þjónustufólki við brytastörfin, og stefnda lagði einnig að öðru leyti til húsnæði, áhöld, ljós og hita í sambandi við fæðissölnuna.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmd til að greiða framangreinda upphæð kr. 3481.92. Þar sem það er ekki, gegn mótmælum stefnenda sannað, að stefnda hafi boðið löglega fram greiðslu að þessu leyti, þykir og verða að dæma 5% ársvexti af upphæðinni, talið frá sáttakærudegi, svo og málskostnað stefnendum til handa, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd stjórn Stúdentagarðsins, f. h. Stúdentagarðsins, greiði stefnendum, Agli Benediktssyni og Margræti Árnadóttur, kr. 3481.92 með 5% ársvöxtum frá 23. jan. 1942 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. febrúar 1944.

Nr. 96/1943. Þorsteinn Jónsson (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Magnúsi Kjaran (Magnús Thorlacius).

Skuldamál. Umboð.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. nóv. f. á., krefst þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 101.53 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. desember 1943 til greiðsludags og inn-

heimtulaun kr. 92.65. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að hæstaréttarlögmaður sá, er heimtir kröfu máls þessa, hafi utan dómþings samþykkt að gefa upp 85% af henni. Telur áfrýjandi, að uppgjöf þessi hafi leyst sig undan skyldu til greiðslu nefnds hluta skuldarinnar, enda þótt hæstaréttarlögmaðurinn hafi ekki haft sérstaka heimild skuldareiganda til uppgjafar.

Ákvæði 4. gr. laga nr. 61/1942 veita hvorki samkvæmt orðum sínum né löggjöfnun heimild til þeirrar uppgjafar, sem hér greinir, og ekki felst slík heimild í umboði til heimtu skuldar né verður leidd af öðrum réttarreglum. Ber því með greindri athugasemd að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorsteinn Jónsson, greiði stefnda, Magnúsi Kjaran, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. okt. 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., hefur Magnús Kjaran stórkaupmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. apríl þ. á. gegn Þorsteini Jónssyni, f. h. verzlunarinnar Framnes Framnesvegi 44 hér í bænum, til greiðslu verzlunarskuldar, að upphæð kr. 676.45, ásamt 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1942 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu gegn greiðslu á kr. 101.53, auk 6% ársvaxta frá 31. des. 1943 til greiðsludags og innheimtulauna, að upphæð kr. 92.65, en málskostnaður verði látinn falla niður.

Hin umstefnda skuld er til orðin fyrir vöruúttekt stefnds hjá heilðsöluverzlun stefnanda, og er það óvængt, að andvirði þeirra

vara nemi hinni umstefndu upphæð, kr. 676.45. Hins vegar heldur stefndur því fram og byggir dómkröfur sínar á því, að stefnandi hafi, svo gilt sé, samþykkt að taka við 15% af kröfuupphæðinni sem fullnaðargreiðslu, og liggi fyrir skriflegt samþykki umboðsmanns stefnanda í þessa átt. — Af hálfu stefnanda er haldið fast við, að stefndum beri að greiða fjárhæð þá, er í stefnu greinir, án nokkurs frádráttar.

Málsatvik að þessu leyti eru þau, að í byrjun þessa árs átti stefndur í slíkum fjárhagsörðugleikum, að tvisýnt var, hvort hann gæti staðið í skilum við lánardrottna sína. Leitaði hann þá til Garðars Þorsteinssonar hrlm. hér í bæ og beiddist þess, að hann aðstoðaði sig við að ná frjálsum samningum við skuldheimtumennina, þannig að almennir kröfuhafar féllust á að taka við 15% af kröfunum sem fullnaðargreiðslu, en þriðji maður hafði lagt stefndum nokkurt fé til slíkra greiðslna. Tók Garðar Þorsteinsson þetta að sér og ritaði hinn 12. febrúar s. l. þeim skuldheimtumönnum, er stefndur tiltók, bréf, þar sem skýrt var frá fjárhag stefnds og jafnframt spurzt fyrir um það, hvort viðkomandi skuldheimtumaður vildi fallast á að kvitta kröfu sína á hendur stefndum gegn greiðslu á 15%. Stefnandi þessa máls var einn þeirra, sem fékk slíkt bréf út af kröfu þeirri, er hér um ræðir, en hann hafði þá afhent Magnúsi Thorlacius hrlm. hér í bæ kröfu þessa til innheimtu, og var Magnús Thorlacius þá þegar búinn að krefja stefndan um greiðslu hennar. Magnús Thorlacius átti dómkröfu á hendur stefndum, að upphæð kr. 2787.90, auk vaxta og kostnaðar, og fékk hann því einnig um sömu mundir sams konar bréf og fyrr greinir frá Garðari Þorsteinssyni út af þeirri kröfu. Í bréfi til Garðars Þorsteinssonar (dags. 16. febrúar s. l.) skýrir Magnús Thorlacius frá því, að hann hafi til innheimtu tvær kröfur á stefndan, þ. e. fyrrnefnda dómkröfu og kröfu stefnanda þessa máls, og í lok bréfsins segir hann, að um bjóðendur sínir vilji „ganga að 15% netto, þannig að skuldari greiði samtals kr. 1040.13.“ Kveðst Magnús Thorlacius af vangá og án umboðs hafa samþykkt þessa eftirgjöf á kröfu stefnanda, og nokkrum dögum eftir að hann hafi sent umrætt bréf hafi stefnandi beint lagt svo fyrir, að málaleitun stefnds um eftirgjöf skyldi neita. Kveðst Thorlacius þá þegar hafa tjáð Garðari Þorsteinssyni þetta og heldur því jafnframt fram, að Garðar hafi þá fallizt á f. h. stefnds að bera ekki umrætt bréf fyrir sig, en Garðar neitar því hins vegar að hafa viðhaft slík ummæli. Í bréfi dags. 5. apríl s. l. tilkynnti Magnús Thorlacius Garðari Þorsteinssyni og, að stefnandi vildi ekki gefa neitt eftir af kröfu sinni, og hann afturkallaði því þar að lútandi samþykki sitt frá 16. febrúar s. l. Með bréfi, dags. 21. apríl þ. á., sendi Garðar Þorsteinsson Magnúsi Thorlacius tékka að upphæð kr. 1040.13 sem greiðslu á nefndum kröfum, en Thorlacius neitaði, að sú greiðsla væri fullnægjandi og endursendi tékkann.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að í bréfi Magnúsar Thorlacius frá 16. febrúar s. l. hafi ekki falizt samþykki við tilboði Garðars Þorsteinssonar í bréfi dags. 12. s. m., heldur nýtt tilboð (gagntilboð), sem stefndum hafi borið að samþykkja innan hæfilegs frests, ef hann vildi byggja rétt á því. Þetta hafi ekki verið gert, en gagntilboðið hafi síðan verið afturkallað, og sú afturköllun tekin gild af umboðsmanni stefnds, eins og fyrr greinir. Auk þess hafi nefnd yfirlýsing frá 16. febrúar s. l. verið gefin með þeirri forsendu, að allir skuldheimtumennirnir fengju hlutfallslega jafnar greiðslur, en á því hafi orðið misbrestur, svo að einnig af þeirri ástæðu geti stefnandi eigi talizt bundinn við yfirlýsinguna.

Af hálfu stefnds er því hins vegar haldið fram, að hann hafi mátt treysta því, að umrædd yfirlýsing frá 16. febrúar s. l. væri bindandi fyrir stefnanda, enda geti hún ekki talizt niður fallin. Telur stefndur fyrst og fremst, að hér hafi verið um einhliða skuldbindingu að ræða, sem eigi hafi þurft samþykkis til að öðlast gildi, en jafnvel þótt svo yrði, talið, hafi ósamræmið milli tilboðsins í bréfi Garðars Þorsteinssonar frá 1. febr. s. l. og gagntilboðsins frá 16. s. m. verið svo óverulegt, að það geti eigi haft þýðingu að þessu leyti. Þá mót-mælir stefndur því og, að nefnd skuldbinding sé niður fallin með samkomulagi aðilja eða samkvæmt reglum um brostnar forsendur.

Það er komið fram í málinu, að fyrrgreindur umboðsmaður stefnanda, Magnús Thorlacius hrlm., hafði eigi umboð frá stefnanda til eftirgjafar á umræddri skuld. Samkvæmt þessu og þar sem eigi verður talið, að stefndur hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að í stöðumboði fyrrnefnds umboðsmanns stefnanda fælist heimild til slíkrar eftirgjafar, þá telst stefndur eigi að þessu leyti geta byggt rétt á fyrrnefndu bréfi frá 16. febrúar s. l. Þegar af þessari ástæðu ber því að dæma stefndan til að greiða hina umstefndu skuld með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Þess skal getið, að dráttur sá, sem orðið hefur á því, að mál þetta yrði munnlega flutt eftir að gagnasöfnun var lokið, stafar af mjög miklum önnum hér við lögmannsembættið undanfarið, og þá sérstaklega í sjó- og verzlunardómi og skiptarétti.

Fulltrúi lögmanns Árni Tryggvason hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þorsteinn Jónsson f. h. verzlunarinnar Framnes, greiði stefnandanum, Magnúsi Kjaran, kr. 676.45 með 6% árs-vöxtum frá 19. okt. 1943 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.